





Glefsa

Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV – 2. tbl. 2016

Af aðstæðum fyrirtækja á Vesturlandi

Vífill Karlsson



Fyrirtæki á Vesturlandi eru yfirleitt ánægð með þjónustu og aðgengi að framleiðsluþáttum þar sem þau starfa samkvæmt niðurstöðum könnunar sem gerð var í desember 2015. Mest var ánægjan með kalt vatn, starfsfólk, bókhaldsþjónustu og raforkumál. Einnig var spurt um mikilvægi þessara þátta í starfsemi fyrirtækisins og var mikill munur á milli þeirra þar sem vinnuafli, fjarskipti, samgöngur og orka voru mikilvægust. Í framhaldi var mikilvægi og staða hvers þáttar borin saman (sjá næstu mynd). Í þeim samanburði er auðvitað æskilegast að fá háa einkunn á bæði stöðu og mikilvægi eins og raforka, starfsfólk og kalt vatn fá á öllu Vesturlandi. Verst er að fá lága einkunn á stöðu og háa á mikilvægi eins og sérstaklega vegakerfið fær.



Sambærileg könnun var gerð árið 2013. Samanburður leiddi í ljós að mikilvægi flestra þátta eykst á milli kannanna (sjá mynd fyrir ofan). Þátttakendur telja hins vegar stöðuna í fleiri tilvikum versna en batna. Staðan versnar mest á vegakerfinu, þá heitu vatni, öryggisþjónustu, vöruflutningum og síma. Hins vegar er

batinn mestur í bókhaldsþjónustu, bankaþjónustu og rekstrarráðgjöf.

Í könnuninni var reynt að meta menntun starfsmanna fyrirtækjanna. Í ljós kom að sérfræðiþjónusta naut mestu menntunar þegar niðurstöðurnar voru brotnar upp eftir atvinnugreinum, þá opinber starfsemi í öðru sæti en menning og íþróttir í því þriðja. Hins vegar vermdu sjávarútvegsfyrirtæki og flutningar botnsætin að þessu leyti. Myndin hér fyrir neðan sýnir menntun starfsmanna eftir atvinnugreinum.



Síðan voru niðurstöðurnar brotnar upp á milli svæða innan Vesturlands, og kom þá í ljós hverfandi lítill munur milli svæða með Borgarfjarðarsvæðið efst og Akranes og Hvalfjarðarsveit (sjá mynd fyrir ofan).

Einnig var kannað hvort fyrirtækin hefðu áhuga á að byggja upp mannauð fyrirtækisins og þau beðin um að




taka afstöðu til fullyrðingarinnar: *Fyrirtækið ver miklum fjármunum í endurmenntun starfsmanna.*

Samkvæmt þessu voru skólar á því að verja fjármunum til endurmenntunar. Í kjölfarið komu fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu, sérfræðiþjónustu og mannvirkjagerð. Þó gefa svörin ekki tilefni til annars en að þrjár fyrstu atvinnugreinarnar séu eingöngu hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni og því engar atvinnugreinar á Vesturlandi sem eyða **miklum** fjármunum í endurmenntun. Þá voru útgerðir síst á því að verja fjármunum í endurmenntun og fast á hæla þeirra komu verslanir, ferðaþjónusta og aðilar í landbúnaði.



Ekki virtist vera stór munur á afstöðu fyrirtækja eftir staðsetningu þeirra á Vesturlandi en helst voru fyrirtækin á Borgarfjarðarsvæði viljugri en annars staðar eins og sést á næstu mynd.




Enn fremur var skoðað hvort fyrirtækin hefðu áhuga á að þróa vörur sínar eða framleiðslutækni og þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar í þeim tilgangi: *Fyrirtækið ver miklum fjármunum í rannsóknir og þróun.*

Menningarfyrirtæki, sérfræðingar, fiskvinnslur og skólar lýstu yfir mestum vilja til að verja fjármunum í rannsóknir og þróun. Aftur gefa svörin ekki tilefni til annars en að

þessar atvinnugreinar séu eingöngu hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni og því engar atvinnugreinar á Vesturlandi sem eyða **miklum** fjármunum í rannsóknir og þróun. Þá gáfu svörin til kynna að fyrirtæki í flutningum, verslun og heilbrigðisþjónustu leggðu minnsta áherslu á rannsóknir á þróun.



Þá var ekki mikill munur á milli landsvæða hvað varðar fjárútlát til rannsókna og þróunar eins og sést á næstu mynd en þar voru þó fyrirtæki á Snæfellsnesi heldur viljugri samkvæmt þessum huglæga mælikvarða.



Sumar atvinnugreinar voru ekki með í þessari samantekt vegna þess hversu fá fyrirtæki tóku þátt. Það voru námur, upplýsingatæknifyrirtæki, leigufélög fasteigna-sölur og félagsamtök.

Heilt yfir kemur þessi könnun vel út fyrir Vesturland. Fáein atriði vekja þó nokkurn ugg. Staða vegakerfisins er ekki góð og fer versnandi að mati þátttakenda. Að nokkru leyti tengist þetta samgöngu- og fjarskiptakerfinu öllu þó svo vegakerfið fái óvenju slæma einkunn hér. Þá er athyglisvert að sjá stöðu heita vatnsins versna og þarfnast það sérstakrar skoðunar sem gæti tengst viðhaldsvinnu á jarðvarmaveitunni í Borgarfirði. Rúmur helmargur dreifbýlis á Vesturlandi er ekki tengdur jarðvarmaveitu og þéttbýli á Snæfellsnesi önnur en Stykkishólmur.